



Skautasambandi Íslands
Engjavegi 6
104 Reykjavík
Ísland

4. Ársþing Skautasambands Íslands ÍSS Laugardaginn 24. maí 2008 kl 13:00

Fundarsalur D ÍSÍ húsi Engjavegi 6, Reykjavík

1. Þingsetning

June Eva Clark formaður ÍSS býður gesti velkomna á þingið.

2. Kosnir fastir starfsmenn þingsins

June gerir að tillögu sinni að Sigríður Jónsdóttir verði þingforseti og Sigrún Inga Mogensen verði þingritari. Samþykkt samhljóða.

Sigríður Jónsdóttir kynnir sig fyrir fundargestum og hún er einnig fulltrúi ÍSÍ. Fer yfir dagskrá þingsins. Hún gerir að tillögu sinni að færa lið 3, ávörp gesta aftar.

3. Ávörp gesta. Þessi liður flyst aftur fyrir umræður um skýrslu stjórnar

4. Kosnar fastar þingnefndir

Kjörbréfanefnd: Rósa Benediktsdóttir
Hilda Jana Gísladóttir
Bjarnveig Guðjónsdóttir

Kjörnefnd: Hilda Jana Gísladóttir
Rósa Benediktsdóttir
Bjarnveig Guðjónsdóttir

Fjárhagsnefnd: Christine Savard
Sigríður Guðjónssen
Kristín Þöll Þórsdóttir

Leikreglanefnd Þórdís Ingvadóttir
Helga Ívarsdóttir
Kristín Halldórsdóttir

Þarf ekki að kjósa laganefnd því ekki er um neinar lagabreytingar að ræða

Þeir sem fara með atkvæði kjörbréfa eru:

ÍBR/BJÖRNINN Rósa Kristín Benediktsdóttir, Kristín Halldórsdóttir, Borghildur Fjóra Kristjánsdóttir. Rósa fer með atkvæði Maríu Ingvadóttir
ÍBR/SR Bjarnveig Guðjónsdóttir, Helga Ívarsdóttir, Þóra Gunnarsdóttir
ÍBA/SA Hilda Jana Gísladóttir, Kristín Þöll Þórsdóttir, Hilda Jana fer með atkvæði Allý Höllu Aðalgeirsdóttur og Kristín Þöll fer með atkvæði Önnu Guðrúnar Jóhannsdóttur
Atkvæði er alls 11. Sjö frá ÍBR og fjögur frá ÍBA

Kjörbréfanefnd spyr fundarstjóra um hvað liggi á bak atkvæðafjölda félaganna. Ekki alveg á hreinu hvernig þetta er fundið út.

5. Fráfarandi stjórn gefur skýrslu

June Eva Clark formaður ÍSS les skýrslu

6. Skýrsla gjaldkera og formanns mótanefndar

Christine Savard les skýrslu gjaldkera

Þórdís Ingvadóttir formaður mótanefndar les skýrslu mótanefndar

7. Umræður um skýrslur formanns/gjaldkera/mótanefndar

Hilda Jana Gísladóttir ræðir um skýrslu formanns og stiklar á stóru, Norðurlandamót, grunnpróf,námskeið/Peter Grutter.Er ánægð með störf stjórnar. Hefði viljað sjá meiri samskipti á milli stjórna félaganna og sambandsins innbyrðis. Hefði viljað sjá meiri skipulagningu á Peter Grutter námskeiðinu með tilliti til Akureyrar/ferða/kostnaðar.

Rósa Benediktsdóttir þakkar skýrslu formanns, full af góðum upplýsingum og þakkar June fyrir gott samstarf. Spyr hvað fór úrskeiðis á basic-testinu ? Tekur undir með Hildu Jönu með að virkja samstarf milli félaganna. June svarar fyrirspurn: formenn félaganna að ræða við þjálfarana, þeir þurfa að undirbúa börnin betur, ekki byrja að kenna æfingarnar rétt fyrir prófið

Skýrsla stjórnar samþykkt einróma

Reikningar samþykktir einróma.

Ávarp gesta. Sigríður Jónsdóttir, er með kveðju frá Ólafi formanni ÍSÍ, ræðir um breytingar hjá ÍSÍ, Stefán Konráðsson hættur og Líney Rut komin til starfa í hans stað. Ræðir almennt um skautaiþróttina og þróun hennar, menntun þjálfara og dómara. Bendir á að hægt er að sækja um styrki fyrir þjálfara, t.d. sem koma erlendis frá/ferðakostnað. Hægt er að sækja um ferðakostnað frá ÍSÍ vegna Íslandsmót – miðað við 150 km frá heimaslóð. Ánægð með að sambandið er með afgang en ekki skuldir í lok árs.

8. Stjórnin leggur fram fjárhagsáætlun fyrir næsta ár

Christine Savard leggur fram fjárhagsáætlun. Fundarstjóri gerir tillögu um að vísa fjárhagsáætlun til fjárhagsnefnda.

9. Lagðar fram laga- og leikreglnabreytingar

June fer yfir þær reglugerðabreytingar sem að sambandið kemur fram með.

10. Teknar til umræðu aðrar tillögur og mál sem fyrir þinginu liggja

Engar tillögur lagðar fram

- Þinghlé -

11. Nefndarálit og tillögur

Þingskjal nr.1. Formaður fjárhagsnefndar gerir grein fyrir álitni nefndar.

Fjárhagsáætlun samþykkt einróma,

Þingskjal 2. reglugerð nr:5 samþykkt óbreytt, samþykkt samhljóða

Þingskjal 3. reglugerð nr: 6 samþykkt með breytingum.

6.1. Tilnefna skal formann mótanefndar ásamt 3 fulltrúum Skautasambandsins í mótanefnd á fyrsta fundi eftir Skautaping. **“Hvert félag tilnefnir mótstjóra félags fyrir hvert tímabil”**

6.2. Bikara verður **“bikurum”**

6.3. Mótanefnd fær frá stjórn ÍSS dagsetningar á mótum ásamt því hver sé umsjónaraðili á hverju móti. Mótanefnd **“sækir um”** og fær staðfestingu á úthlutuðum tíma vegna móta og semur við framkvæmdastjóra viðkomandi halla vegna auka ístíma. Mótanefnd tilkynnir aðildarfélögum ÍSS hvaða **“mótum þau eru framkvæmdaraðilar að fyrir 1. júní.”**

6.4, 6.5, og 6.6 samþykkt óbreytt.

Þingskjal 4. reglugerð nr:7 samþykkt samhljóða

Þingskjal 5. reglugerð nr: 10 samþykkt með eftirtöldum breytingum

10.1 – 10. 7 er samþykkt með þeim fyrirvara hvort Reykjavík International verður haldið í Laugardal og mun stjórn ÍSS sjá um breytingar á reglugerðum í samræmi við Reykjavík International mótið.

10. 9 breyta konur í **“dömur”** og karlar í **“herrar”**.

Flokkar kvenna, karla, unglinga, stúlkna og drengja (Senior, Junior og Novice), keppa í stutt prógrami annars vegar og í frjálsum prógrami hinsvegar á öllum mótum, nema Íslandsmóti barna og unglinga. **“Reynt skal að fremsta kosti að keppa í”** “báðum prógrómum ef tími leyfir, annar skal keppt í frjálsum prógrami.

10.12 Keppandi sem hefur náð grunnprófi verður **“að lágmarki”** að keppa í þeim flokki sem hann hefur próf og aldur til.

10.14. Stjórn ÍSS er heimilt **“í samráði við formenn félaganna”** að takmarka fjölda keppenda á mótum.

Aðrir liðir voru samþykktir án breytinga.

Þingskjal 6, reglugerð nr:11 samþykkt samhljóða

12. Kosning stjórnar og varastjórnar samkvæmt 9.gr

Formaður kjörnefndar gerir grein fyrir tillögum nefndarinnar.

Stjórn Skautasambands Íslands 2008/2009

Formaður: June Eva Clark samþykkt samhljóða

Meðstjórnendur: Borghildur Fjóra Kristjánsdóttir B, Sigríður Guðjohnsen B, Inga Randversdóttir SA, Sigrún Inga Mogensen SR

Varastjórn, K.Linda Kristinsdóttir SR, Vala Dögg Jónsdóttir SA, Erlendína Kristjánsson B
Samþykkt samhljóða

13. Kosnir tveir skoðunarmenn reikninga og tveir til vara

Tilnefndir eru Gunnar Bragason og Auður Harðardóttir
Varamenn Jón Gestur Viggóson og Elísabet Eyjólfsdóttir

Fulltrúar ÍSS á Íþróttaping ÍSÍ 2009

June Eva Clark, Sigríður Guðjohnsen og K.Linda Kristinsdóttir
Samþykkt samhljóða

14. Önnur mál

June; þakkar fyrir gott þing og kosningu, skoðunarmenn frá ÍSÍ, fengum gott hrós frá ÍSÍ fyrir reikningana, þurfum að finna fyrir næsta þing skoðunarmenn því þeir frá ÍSÍ detta út.

Anna Kristín: óskar nýrri stjórn til hamingju, kynnir sig. Missum mikið af fólki með þekkingu út úr íþróttinni, vantar íslenska þjálfara og dómara. Þekking fyrrverandi stjórnarfólks, vill búa til stuðningsnet með fólki sem hefur unnið í íþróttinni, fólk skráir sig og hægt að leita eftir aðstoð þegar um stóra viðburði er að ræða, t.d. Norðurlandamót.

Nefnir dómaramál, þurfum að byggja upp íslenska dómara, án þeirra verður ekki keppni, byggjum ekki upp íþróttina án dómara, tekur mörg ár, vill að foreldrar kynni sér betur hvað felst í dómgæslunni, ekki vera með óeðlilegar væntingar, samgleðjast börnunum og vinna saman.

Elísabet: óskar nýkjörinni stjórn til hamingju, ánægð með allt sem er að gerast með dómara/tæknifólk, ánægð með afreksstefnu.

June: þakkar báðum fyrir góða orð í garð stjórnar. Ársskýrslur félaganna, vill að þeim er skilað til sambandsins, mikil þekking og saga íþróttinnar í þeim

Rósa: gott að kynnast fólki og setja andlit á nöfnin, góður hugur í fólki fyrir framtíðina . Færir June ársskýrslu Bjarnarins.

Sigríður, þakkar Önnu Kristínu fyrir hugmyndina um tengslanet, ætlar að útfæra hana til annara félaganna . Ræðir um Fyrirmyndarfélag, handbók, til að halda inni þekkingu félaganna.

Sigríður Jónsdóttir slítur þingi kl 16:00

Reykjavík 24. maí 2008

Sigrún Inga Mogensen fundaritari

Sigríður Jónsdóttir þingforseti